# Bæjarráð: Samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Arndís Dögg Jónsdóttir <arndisjo@isafjordur.is> |
| **Frá** | : | Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is> |
| **Heiti** | : | Bæjarráð: Samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis. |
| **Málsnúmer** | : | 2025060129 |
| **Málsaðili** | : | Mennta- og barnamálaráðurneytið |
| **Skráð dags** | : | 23.06.2025 21:29:36 |
| **Höfundur** | : | Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is> |

**Viðhengi**

~WRD0001.jpg~WRD0001.jpg

skyrsla-styrihops-fyrirkomulag-thjonustu-born-fjolthaettan-vanda-agu-2023.pdfskyrsla-styrihops-fyrirkomulag-thjonustu-born-fjolthaettan-vanda-agu-2023.pdf

MRN 0924-7 Kostnaðar- og ábyrgðarskipting skýrsla II vefur.pdfMRN 0924-7 Kostnaðar- og ábyrgðarskipting skýrsla II vefur.pdf

MRN 1224-3 skýrsla sérfræðingateymis-fjölþættur vandi.pdfMRN 1224-3 skýrsla sérfræðingateymis-fjölþættur vandi.pdf

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda (1).pdfSamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda (1).pdf

Bréf til sveitarfélaga-Samkomulag-Fjölþættur vandi-.pdfBréf til sveitarfélaga-Samkomulag-Fjölþættur vandi-.pdf

---

**From:** Þór Hauksson Reykdal <thor.reykdal@mrn.is>
**Sent:** mánudagur, 23. júní 2025 11:12
**To:** kopavogur@kopavogur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; felahun@felahun.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; afgreidsla@hornafjordur.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; bolungarvik@bolungarvik.is; akureyri@akureyri.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; strandabyggd@strandabyggd.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; nordurthing@nordurthing.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; skrifstofa@hunathing.is; postur@vestmannaeyjar.is; fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; Ísafjarðarbær <info@isafjordur.is>; grindavik@grindavik.is; ritari@arnesthing.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; snb@snb.is; akranes@akranes.is; mos@mos.is; radhus@arborg.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; mulathing@mulathing.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; sveitarstjori@grenivik.is; postur@svalbardsstrond.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; klaustur@klaustur.is; myrdalshreppur@vik.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; floahreppur@floahreppur.is; hruni@fludir.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; gogg@gogg.is; olfus@olfus.is; skaga.byggd@simnet.is; skagastrond@skagastrond.is; hunabyggd@hunabyggd.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir <sveitarstjori@reykholar.is>; sudavik@sudavik.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; dalir@dalir.is; skorradalur@skorradalur.is; upplysingar@reykjavik.is; kjos <kjos@kjos.is>; skrifstofa@vogar.is; hve@hveragerdi.is
**Cc:** Karólína Gunnarsdóttir <karolina@akureyri.is>; Hildigunnur Árnadóttir <hildigunnur@akranes.is>; anny@arnesthing.is; Guðný Hildur Magnúsdóttir <gudnyhildur@bolungarvik.is>; erlabjorg@borgarbyggd.is; Eyrún Rafnsdóttir <eyrun@dalvikurbyggd.is>; sara@felhun.is; ingveldur@fssf.is; svava@felagsmal.is; hh@fjallabyggd.is; Laufey Þórðardóttir <laufey.thordardottir@fjardabyggd.is>; svanhildurthe@gardabaer.is; Nökkvi Már Jónsson <nmj@grindavik.is>; gudlaugg@hafnarfjordur.is; skuliing@hornafjordur.is; Félagsmálastjóri

Hvalfjarðarsveitar <felagsmalastjori@hvalfjardarsveit.is>; erna@hveragerdi.is; Margrét Geirsdóttir <margret@isafjordur.is>; sigrunth@kopavogur.is; sigurbjorgf@mosfellsbaer.is; jmh@olfus.is; Rannveig Einarsdóttir <rannveig.einarsdottir@reykjavik.is>; Hera Ósk Einarsdóttir <hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is>; baldur <baldur@seltjarnarnes.is>; siggi@hunathing.is; Guðrún Björg Sigurðardóttir <gudrun@sudurnesjabaer.is>; Heiða Ösp Kristjánsdóttir <heidaosp@arborg.is>; greta.sjofn@skagafjordur.is; jonp@vestmannaeyjar.is; magnusarnar@vesturbyggd.is; hlifh@strandabyggd.is; Anna Alexandersdóttir <Anna.alexandersdottir@mulathing.is>; tinna@nordurthing.is; Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir <halldora.gunnarsdottir@mrn.is>
**Subject:** Samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis.

Góðan dag.

Þann 19. mars sl. var undirritað samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis.

Á grundvelli samkomulagsins mun ríkið eigi síðar en 1. janúar 2026 taka ábyrgð á þriðja stigs þjónustu við börn með flóknar og fjölþættar þjónustuþarfir sem búsett eru utan heimilis. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að tryggja að viðunandi úrræði séu í boði fyrir þennan hóp barna á fyrsta og öðru stigi þjónustu.

Í samkomulaginu kemur fram eftirfarandi skilgreining á því hvaða börn er um að ræða:
Börn sem hafa flókna og samsetta röskun í tauga- og vitsmunaþroska og/eða tengslavanda, frá því snemma í bernsku, sem m.a. getur leitt til alvarlegra hegðunarvandkvæða og geðrænna einkenna, og í ákveðnum tilfellum vímuefnavanda. Einnig geta fallið undir skilgreininguna börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu á vegum barnaverndarkerfisins vegna vanrækslu og/eða ofbeldis. (sjá afrit af samkomulaginu í viðhengi).

Samkomulagið byggir á tillögum skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá árinu 2023 og áfangaskýrslu II um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá 2024 (sjá meðfylgjandi skýrslur í viðhengi).

Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að framlag ríkisins vegna vistunarkostnaðar þeirra barna sem falla undir samninginn verði aukið um 1,7 ma. kr. og verður framlagið bundið við tímabilið 1. júní til 31. desember 2025. Fyrirkomulag greiðslu framlagsins verður sambærilegt og það hefur verið síðastliðin þrjú ár, þ.e. að úthlutun framlagsins verður bundið við niðurstöðu sérfræðingateymis vegna barna með fjölþættan vanda, sbr. 20. gr. laga nr. 38/2018, m.v.t. til 21. gr. sömu laga. (sjá nánar um teymið hér: https://island.is/s/bofs/serfraedingateymi-vegna-barna-med-alvarlegar-throska-og-gedraskanir )

**Eingöngu verður greitt framlag vegna barna sem sérfræðingateymið hefur staðfest að þurfi vegna fötlunar sinnar annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.**

Í lok árs 2025 verður kallað eftir sundurliðuðum kostnaði vegna vistunar hvers barns yngra en 18 ára sem uppfyllir ofangreind skilyrði. Ef barn verður 18 ára á tímabilinu 1. júní til 31. desember verður kostnaður hlutfallaður í samræmi við það.

Ef spurningar vakna eða óskað er eftir frekari upplýsingum þá ekki hika við að senda póst á thor.reykdal@mrn.is og/eða maria.kristjansdottir@samband.is

Með góðri kveðju,

▪

**Þór Hauksson Reykdal, verkefnastjóri / Project Manager**
Mennta- og barnamálaráðuneyti / Ministry of Education and Children
Borgartúni 33, 105 Reykjavík, Iceland
(+354) 545 9500
www.mrn.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing